

Ávarp formanns Félagsráðgjafafélags Íslands



Steinunn Bergmann,
formaður Félagsráðgjafa-
félags Íslands

Nú er fjögurra ára kjörtímabili mínu sem formaður Félagsráðgjafafélags Íslands (FÍ) að ljúka og ég hef gefið kost á mér til starfa næstu fjögur árin og hlakka til áframhaldandi samstarfs. Félagið er í stöðugum vexti og voru félagar í byrjun árs 2023 alls 588, en hlutfall karla 6%. Starfsemin er að komast í fyrra horf eftir að hafa einkennst af fjar-

vinnu, fjarfundum og rafrænum viðburðum undanfarin þrjú ár. Rafrænar lausnir eru þó komnar til að vera því þær auðvelda samskipti við félagsfólk um allt land og alþjóðlegt samstarf. Félagið leitar áfram leiða til að styðja félagsfólk og efla fagið en þar gegna fagdeildirnar tólf lykillhlutverki. Fagdeild fræðslu- og skólafélagsráðgjafa stóð að morgunverðarfundi 3. nóvember 2022 á hótél Reykjavík Natura, í samstarfi við FÍ og Félagsráðgjafardeild HÍ, þar sem dr. Todd I. Herrenkohl fjallaði um kerfisbreytingar innan skóla til að takast á við aðlögun barna sem hafa upplifað áföll. Auk hans voru þrír fyrirlesarar sem fjölluðu um málið út frá íslenskum veruleika.

FÍ hélt málþing í samstarfi við fagdeild fjölmenn-ingarfélagsráðgjafa 24. nóvember 2022 á Grand hótél Reykjavík. Á málþinginu fjölluðu fyrirlesarar frá stofnunum ríkis og sveitarfélaga um tækifæri og áskoranir vegna mikillar fjölgunar flóttafólks hér á landi. Félagið var síðan með morgunverðarfund 9. desember 2022 í tilefni alþjóða mannréttindadagsins í samstarfi við fagdeildir félagsráðgjafa í félagsþjónustu og málefnum fatlaðra. Yfirskrift fundarins var *Tækifæri fyrir öll*.

Félagsráðgjafafingrið var á sínum stað 17. febrúar 2023 og sem fyrr í samstarfi við Félagsráðgjafardeild HÍ og Ís-Forsa. Yfirskrift þingsins var *Vinnuumhverfi, valdefting og tækni* og var dagskráin fjölbreytt. Lykil-fyrirlesarar voru þrír, Pia Tham, prófessor í félags-ráðgjöf við háskólann í Gävle í Svíþjóð, sem hefur rann-sakað vinnuumhverfi félagsráðgjafa, Bengt Anderson, verkefnastjóri hjá Norrænu velferðarmiðstöðinni, sem hefur unnið að þróun velferðartækni í velferðar-þjónustu, og Ana Radulescu, formaður Evrópudeildar Alþjóðasamtaka félagsráðgjafa, IFSW, sem fjallaði um félagsráðgjöf á átakatímum með áherslu á aðstoð við

Úkraínu. Síðan mætti Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra, og fjallaði um marg-vísleg verkefni á vegum ráðuneytisins. Jafnframt voru 18 málstofur þar sem félagsráðgjafar fjölluðu um fjöl-breytt verkefni á vettvangi auk rannsókna, sem sýnir þá grósku sem býr innan stéttarinnar.

Alþjóðadagur félagsráðgjafa var 21. mars 2023 þar sem félagsráðgjafar um allan heim tóku höndum saman til að vekja athygli á mikilvægi félagsráðgjafa og koma á framfæri sameiginlegum skilaboðum: *Virðum fjölbreyti-leika með sameiginlegum félagslegum aðgerðum*. Á aðal-fundi Félagsráðgjafafélags Íslands 2022 var ákveðið að skipa aðgerðahóp sem hefur meðal annars það hlut-verk að hvetja félagsráðgjafa til þess að láta til sín taka í samfélagsmálum. Hópurinn skipulagði dagskrá í tilefni alþjóðadagsins og var sammála um að vekja athygli á alvarlegri stöðu í húsnæðismálum og áhrifum hennar á viðkvæma hópa sem félagsráðgjafar hitta í sínum daglegu störfum. Leitað var til félagsráðgjafa um að senda örsögur úr starfi og bárust alls 25 sögur frá félagsráðgjöfum sem starfa innan margvíslegra sviða félagsráðgjafa. Félags-ráðgjafar hittust á Austurvelli og afhentu Guðmundi Inga Guðbrandssyni, félags- og vinnumarkaðsráðherra, og Ingibjörgu Isaksen, formanni þingflokks Framsóknar-flokksins í fjarveru Sigurðar Inga Jóhannssonar inn-viðaráðherra, áskorun frá FÍ og örsögur.

Kjarasamningar voru lausir 31. mars sl. og hófst undirbúningur kjaraviðræðna síðasta haust með við-horfskönnun meðal félagsfólks og félagsfundum auk mánaðarlegra funda með trúnaðarmönnum. Sam-komulag var undirritað í apríl við ríki, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga um framlengingu kjarasamninga til 12 mánaða. Félagið leggur áherslu á að taka þátt í stefnumálum stjórnvalda en á liðnu starfsári voru ritaðar 22 umsagnir um þingmál og frum-vörp á Alþingi og um skýrslur og stefnumál innan ráðu-neyta auk þess að settar voru fram ályktanir um álitamál, svo sem um brottvísun flóttafólks frá Íslandi.

Það verða breytingar á skrifstofu félagsins 1. maí þar sem Eldey Huld Jónsdóttir lætur af störfum framkvæmdastjóra eftir 12 ára starf fyrir félagið og í hennar stað kemur Sveindís Anna Jóhannsdóttir. Um leið og við þökkum Eldeyju fyrir farsælt starf í þágu félagsins bjóðum við Sveindísi velkomna til starfa.



Félagsráðgjafabing 2023

Árlegt þing félagsráðgjafa var haldið á Hótel Hilton Nordica þann 17. febrúar undir yfirskriftinni *Vinnu-umhverfi, valdefling og tækni*. Þingið var fjölmennt að venju, með tæplega 400 þátttakendur sem komu alls staðar að af landinu. Ekki var annað að sjá og heyra frá þátttakendum en að almenn ánægja væri með þingið og þörfin mikil fyrir félagsráðgjafa á að koma saman og deila reynslu sinni, en þinginu var aflýst á síðasta ári vegna Covid-19.

Fyrir hádegi fluttu lykilfyrirlesarar erindi sín, þau Pia Tham, prófessor í félagsráðgjöf við háskólann í Gävle í Svíþjóð, Bengt Andersson, verkefnastjóri hjá Norrænu

velferðarmiðstöðinni og Ana Radulescu, formaður Evrópusamtaka félagsráðgjafa. Hún sagði frá starfi félagsráðgjafa í Rúmeníu sem hafa unnið við móttöku flóttafólks í Úkraínu, bæði á landamærum Rúmeníu og Úkraínu sem og innan Úkraínu á öruggari svæðum. Vakti erindi hennar sterk viðbrögð áheyrenda og var henni vel fagnað í lokin.

Morgundagskránni lauk með erindi félags- og vinnu-markaðsráðherra, Guðmundar Inga Guðbrandssonar. Eftir hádegisverð voru 18 málstofur í þremur lotum og lauk deginum með móttöku í boði Félagsráðgjafafélags Íslands og Vísindasjóðs FÍ.



Steinunn Bergmann, formaður FÍ, setur þing félagsráðgjafa



Dr. Pia Tham, prófessor í félagsráðgjöf við háskólann í Gävle



Ana Radulescu, formaður Evrópusamtaka félagsráðgjafa



Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnu-markaðsráðherra



Þétt setinn salurinn á þingi félagsráðgjafa



Þátttakendur á þinginu



Myndir frá móttöku í lok þings

